

Minnisblað hafnarstjóra um fjáfestingar og framkvæmdir

Gert er ráð fyrir að geta hafist handa á að gera Stuðpúða Þybbu á Mávagarði en það verk var boðið út í ár og bárust tvö tilboð í verkið uppá 46 milj. Og 69 milj en hærra tilboðinu var strax hafnað en kostnaðaráætlun var 46 milj. en verktakinn sagði sig síðar frá tilboðinu og hefur verkið verið í pattstöðu síðan en við erum vongóðir um að samningar fari að nást um að klára það á næsta ári. Einnig gerum við ráð fyrir að fara í seinnihluta endurbyggingar löndunarkants á Suðureyri og að það verk verði boðið út en það er á samgönguáætlun 2018.

Gert er ráð fyrir að vinna áfram að því verkefni að lengja Sundabakka um 300 metra ásamt dýpkun en útlínuuppdráttur liggur fyrir um það verkefni ásamt kostnaðarmati.

Ferðaþjónustufyrirtækið Kaldasker hefur sótt um aðstöðu fyrir 23 metra ferðaþjónustubát sem gert er ráð fyrir verði með fasta aðstöðu við norðurhlið Hornstrandabryggju og þess vegna er gert ráð fyrir að lengja Hornstrandabryggju um 10 metra.

Einnig gerum við ráð fyrir að kláruð verði endurbygging gamla olíumúla en það hefur staðið yfir núna í tvö ár en allt timbur til verksins hefur verið keypt.

Nauðsynlegt er að endurnýja löndunarkrana á Flateyri en eldri kraninn þar er mjög viðhaldsfrekur enda kominn vel til ára sinna.

Gert er ráð fyrir að halda áfram að endurnýja bílaflota Hafna Ísafjarðarbæjar og skipta út gamalli viðhaldsfrekri Kia bifreið.

Ísafirði 21/10 2017

Guðmundur M. Kristjánsson

Hafnarstjóri